

# Lífeyrissjóðir telja sig svikna af ríkisstjórninni

● Mótmæla því harðlega að enn standi til að skattleggja hreina eign lífeyrissjóðanna og íhuga að leita réttar síns

## BAKSVIÐ

Helgi Vífill Júlíusson  
helgivifill@mbl.is



Forsvarsmenn Landssamtaka lífeyrissjóða mótmæla því harðlega að í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum standi enn til að skattleggja hreina eign lífeyrissjóðanna í því augnamiði að fjármagna hluta af sérstökum vaxtabótum til heimila. Ríkissjóður hefur aflað 1,6 milljarða króna með þessum aðgerðum.

„Ef þessi skattlagning fær að standa má ætla að á lögmæti hennar verði látið reyna fyrir dómi. Nokkrir aðilar hafa lýst yfir slíkum ásetningi,“ segir Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri samtakanna, í samtali við Morgunblaðið og telur að um sé að ræða brot á stjórnarskrá, en þar sé ákvæði er varðar jafnræði og afturvirkni í skattlagningu. Lífeyrisréttindi séu mjög tengd skattalöggjöfnni á hverjum tíma, og því sé ríkið þegar búið að skattleggja þessa fjármuni.

Þessi ráðstöfun ríkisstjórnarinnar, að mati forsvarsmanna samtakanna, gengur auk þess í berhögg við það samkomulag sem náðist milli þeirra og stjórnvalda í febrúar á þessu ári. Lífeyrissjóðirnir samþykktu, þó ekki ýkja áhugasamir margir hverjir, að taka þátt í gjaldeyrisútböðum Seðlabankans fyrir allt að 200 milljónir evra. Í staðinn myndi ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi frumvarp um að fella á brott ákvæði um skattlagningu á hreina eign lífeyrissjóðanna og eins endurgreiða þær greiðslur sem þegar höfðu verið greiddar vegna álagningar gjalda 2012. Stjórnvöld ætla hins vegar ekki að standa fyllilega við sinn hluta samkomulagsins og bera það fyrir sig að ávinningurinn af útböðunum hafi orðið lakari fyrir ríkissjóð en upphaflega var áætlað – jafnvel þótt lífeyrissjóðirnir hafi tekið þátt í gjaldeyrisútböðum fyrir liðlega 235 milljónir evra. Í fyrirliðgjandi frumvarpi er aðeins gert ráð fyrir að helmingurinn af skattinum sé dreginn til baka en ekki allur eins og samkomulagið gekk út á.

## Átti að afla 2,8 milljarða

Upphaflega átti þessi skattur að afla ríkinu 2,8 milljarða króna. En síðar var samið um að lífeyrissjóðirnir



Vilja kókuna Þingmenn sem eru í meirihluta á Alþingi sjá að lífeyrissjóðirnir eiga digra sjóði og vilja fá sinn hluta af kökunni. Ríkið ætlar að ná 1,6 milljörðum króna með eignarskatti á lífeyrissjóðina.



Þórey S. Þórðardóttir

tækju þátt í téðu gjaldeyrisútböði. Nú eftir að í ljós kom að ríkið fékk minna í sinn hlut en áætlað var, stendur eftir að ríkið ætlar að ná 1,6 milljörðum króna með eignarskatti á sjóðina.

„Það að ávinningur af útböðunum reyndist lakari en ríkið hafði áætlað er ekki á nokkurn hátt á ábyrgð lífeyrissjóðanna og er ekki forsöndubrestur í málinu,“ segir í umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða til efnahags- og viðskiptanefndar. Þar segir að hlutverk samtakanna hafi aðeins verið að tryggja þátttöku í útböðunum en ekki fjárhagslegan ávinning ríkissjóðs. „Oumdeilt er að lífeyrissjóðirnir hafa uppfyllt sinn þátt í ferlinu, því eru það mikil vonbrigði að sjá að stjórnvöld hafi í hyggju að standa aðeins við helminginn af sínum hluta samkomulagsins.“

Þórey segir að skattlagningin komi mismunandi niður á lífeyrissjóðum eftir því hvernig þeir hafa í samþykktum sínum kosið að ráðstafa iðgjaldi til að uppfylla lágmarkstryggingarverndina. Í þeim

## SÉREIGNARSPARNADUR

### Óhressir með heimild

Landssamtök lífeyrissjóða vonast til að tímabundinni heimild til að greiða út séreignarsparnað fari brátt að ljúka, að því er segir í umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar. Þar segir að landssamtökin hafi aldrei mælt með opnun séreignarsparnaðar til þeirra sem eru yngri en 60 ára. Opnað var fyrir þennan möguleika fyrst, tímabundið, árið 2009 og síðan var heimildin framlengd nokkrum sinnum. Lagt er til í frumvarpi til laga að það verði áfram á næsta ári. Fjármálaráðuneytið reiknar með að fá 1,5 milljarða í tekjur vegna útgreiðslu séreignarsparnaðar á næsta ári.

Í umsögninni segir að ljóst sé að þeir fjármunir sem ætlaðir voru til greiðslu lífeyris verði ekki til staðar þegar á reynir. Almennt þurfi að fara varlega í heimildir sem þessar.

tílvikum sem sjóðir nota ekki allt lágmarksiðgjaldið, sem er 12%, til að standa undir lágmarkstryggingarverndinni skapast lægri eignastofn til skattlagningar en hjá þeim sjóðum sem ekki skilgreina sérstaklega lágmarkstryggingarverndina. Frumvarpið feli því í sér mismunandi skattlagningu milli sjóða. „Lífeyrissjóðir sem byggja á gegnumstreymi eru því ekki að fullu fjármagnaðir með sjóðsöfnun, þ.e. þeir sjóðir sem eru með bakábyrgð launagreiðenda, greiða hlutfallslega lægri eignaskatt. Auk þess sem skatturinn hefur ekki áhrif á réttindi sjóðfélaga með ábyrgð launagreiðenda en hjá öðrum sjóðum leiðir skattlagningin til lægri lífeyrisgreiðslna,“ segir í umsögninni.

Gegnumstreymiskerfi greiðir eftirlaunabætur lífeyris sem fjármagnaður er með tekjum þeirra sem eru vinnandi. Kerfið gerir ráð fyrir að ein kynslóð greiði fyrir aðra eða að vinnandi menn greiði í gegnum skatta lífeyri fyrir foreldra sína og njóti svo í staðinn sambærilegra greiðslna frá börnum sínum eftir að sest er í helgan stein.

Sjóðsöfnunarkerfi byggist hins vegar á því að hver kynslóð sparar og safnar upp sjóði til að standa undir eigin eftirlaunum þegar hún hættir að vinna.

